

Barnateikningar

Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir

Uppeldislegt gildi barnateikninga

- Í öllum myndum barna, hversu frumstæðar sem þær virðast þá er barnið að segja eitthvað og tjá tilfinningar sínar, jákvæðar og neikvæðar allt eftir atvikum.

Hvað læra börn við að teikna?

- Fegurðarskyn
- Sköpunarhæfni örvast
- Samhæfing sjónar og handa
- Handlagni eflist og þroskast
- Færni í notkun áhalda, efna og lita
- Form og hugtakaskilningur þroskast
- Koma hugsunum í teikningu

Myndsköpun barna

- Breyttur skilningur á bernskunni og aukin þekking á þroskaferilinu varð til þess að farið var að rannsaka ýmislegt eins og:
 - Athafnir barna
 - Leiki barna
 - Listsköpun barna
- Allt þetta og meira til varð rannsóknarefni fræðafólks


Rannsóknir Rhodu Kellogg

- Rannsakaði teikningar barna til 8 ára aldurs
- Þegar barn fer að halda á lit eða blýandi fer það að krassa
- Krottákn barns þróast yfir í táknkerfi
 - Grunnformin verða
 - Hringur
 - Lóðréttur kross
 - Kross sem liggur á ská
 - Ferhyrningur
 - Svo tengjast tvö eða fleiri formum og úr verður Mandala þ.e. Hringur með kross innan í.
 - Þetta gerist hjá öllum börnum í heiminum. Hvar sem þau búa.

Þroskastig í teikningum barna

- 1. stig – Krotstig u.þ.b. 1 - 3 ára
- 2. stig – Forskemastig u.þ.b. 4 - 6 ára
- 3. stig – Skemastig u.þ.b. 7 - 9 ára
- 4. stig – Byrjun raunsæis u.þ.b. 9 - 11 ára
- 5. stig – Gervinatúralismi u.þ.b. 11 - 13 ára
- 6. stig – Gelgjuskeið u.þ.b. 13 - 17 ára

Krotstig 1 – 3 ára



- Á krotstigi þroskast barnið mjög ört bæði andlega og líkamlega
- Í upphafi er hreyfingin í axlarliðnum með stífum handlegg. Smám saman færist það í olnboga, úlnliði og fingur.
- Í lok stigsins hefur barnið nokkuð góða stjórn á hreyfingum handarinnar

Forskemastig 4 – 6 ára



- Höfuðfætla eða höfuðvera
- Skema má líka við kassa þar sem allir hlutir eru skilgreindir og flokkaðir.
- Skema fyrir hund væri dýr, fjórir fætur, skott, loðinn og segir Voff
- Skema fyrir afmæli væri blöðrur, kaka, pakki, gestir....

Forskemastig 4 – 6 ára



- Barn prófar sig svo áfram að teikna og túlka raunveruleikann eins og það skynjar hann
- Börn krassa og krota allsstaðar á sama hátt, fæðingastaður skiptir ekki máli.
- Litir byrja að koma inn. Litavalið er háð tilfinningum barnsins og hvaða litir eru í boði. Ekki raunveruleikanum.
- Bláar kýr, grænir hundar, fjólublár köttur.....

Skemastig 7 – 9 ára

- „Gullna tíðin“ því barnið er óheft og frjálst í túlkun sinni.
- Teikningar fullar af lífi, frásagnargleði og reglur ekki orðnar fjötrar.
- Skemu komin fyrir manninn, dýr, bíla o.s.frv.
- Eitt aðalviðfangsefnið er manneskjan.
- Höfuðfætlan er orðin með háls, höndum, fótum og búk.



Sóley Heiðarsdóttir, 7 ára

Skemastig 7 – 9 ára



- Börn fara að teikna allt sem þau vita um hlutinn
- Verður eins og röntgenmynd
- Teikna það sem þeim þykir mikilvægt.
- Þau teikna ekki eftir fyrirmyndum.
- Dýr yfirleitt teiknuð á hlið.
- Ekki upptekin af fjarviddum.
- Börn fara nota liti á „réttan“ hátt þ.e. gras verður grænt....
- Stelpur leitast við að teikna stúlkur, strákar leitast við að teikna flugvélar, bíla og skip

Byrjun raunsæis 9 – 11 ára



- Raunsæi allsráðandi.
- Hlutföll milli líkamshluta eðlilegri
- Ýmis smáatriði s.s. hárgreiðsla, fatnaður, skraut
- Fara blanda saman litum.

Sara Choinska, 10 ára (tvær til vinstri) og Margrét Anna Jónsdóttir, 10 ára (tvær til hægri)

Gervinatúralismi 11 – 13 ára



- Hlutir teiknaðir á raunsæjan hátt þ.e. myndin líkist fyrirmyndinni

Gervinatúralismi 11 – 13 ára




- Líkamsþroski barna breytist á þessum árum
- Stúlkur þroskast yfirleitt hraðar á þessum tíma og því verða brjóst, mjaðmir mögulega ýkt á þessum aldri
- Duldar áhyggjur og vonir barna geta komið fram
- Teikningum stundum leynt fyrir fullorðnum

Gervinatúralismi 11 – 13 ára

- Drengir leggja áherslu á og undirstrika það sem karlmannlegt er
- Taka ástfóstri við ákveðin viðfangsefni
 - Byssur
 - Skip
- Stúlkur frekar fólk og hesta
- Börn geta teiknað eftir fyrirmyndum og kennarinn verður afar mikilvægur

Gelgjuskeið 13 – 17 ára



- Gelgjuskeið – átakaskeið
- Tilraunir t.d. í skrift, klæðaburði, teikningum til að finna persónulegan stíl og tjáningarmáta
- Stundum skopmyndir til að fela sig og tilfinningar sínar á bak við skopið og leyna á þann hátt öryggisleysi sínu og kvíða

Gelgjuskeið 13 – 17 ára



- Andlitismyndir eru ríkjandi á þessu tímabili
- Tjá tilfinningar
- Mikið upp slagorð og ýmsar áherslur notaðar
- Litablöndun er notuð og þeir notaðir til að endurspegla tilfinningar unglingsins
- Gaman að skoða litina t.d. rauðan

Teikniþroski

- Mikilvægt er að benda á að teikniþroski tengist öðrum þroska s.s. málþroska og vitsmunaproska. Til að vera góður að teikna þarf að þjálfast þann hæfileika og hafa góðan kennara.
- Hvers konar listsköpun er talin holl geðheilsu fólks enda er listmeðferð víða mikilvægt atriði í meðferð þeirra sem vilja bæta geðheilbrigði.
- Gerum við nóg í íslenskum skólum til að efla og þroska þennan hæfileika?